

LUR LÚR SMÍÐJUR 2016
SKRÁNING HAFIN Á
FACEBOOKSÍÐU LÚR FESTIVAL

F.H. SKIPALAGSNEFNDAR LÚR-FESTIVAL
LÚR-FESTIVAL Á FACEBOOK
LÚR-FESTIVAL Á INSTAGRAM
HEIMASÍÐA OKKAR:
[HTTP://LURFESTIVAL.WIX.COM/LURFESTIVAL](http://LURFESTIVAL.WIX.COM/LURFESTIVAL)



Bubbi Sölva, með fleiri líf en kötturinn

Guðbjörn Páll Sölvason, eða Bubbi Sölva, er í vikuvíðtali Bæjarins besta þessa vikuna. Í viðtalinu ræðir hann líf sjómannsins, en hann var til sjós stærstan hluta starfsævinnar og hvernig spennandi nýtt atvinnutækifæri kom upp í hendur hans á fullorðinsárum.

Við fáum að heyra hvernig Bubbi virðist alltaf lenda á fótunum þrátt fyrir hrakfarir og áföll sem hann hefur sannarlega ekki látið slá sig út af laginu.



— sjá bls. 6-8



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 16. júní 2016 · 23. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Kátir krakkar á leikjanámskeiði HSV skemmta sér í fjöruferð.



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf
nýsmurt*



Hefur þú lent í slysi?

Ekki bera harm þinn í hljóði

TORT

INNHEIMTA SLYSABÒTA

Aðalstræti 6 - 101 Reykjavík - Sími 511 5008 - tort.is

DAVÍÐ
ODDSSON  2016



TIL FUNDAR VIÐ FÓLKIÐ

Laugardaginn 18. júní kl. 13-14
í Edinborgarhúsinu, Ísafirði.

 facebook.com/davidsemforseta
 instagram.com/david.oddsson
 xdavid.is

STUÐNINGSMENN

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



598
kr. 4x80 g

Íslandsnaut Ungnautaborgarar
4x80 g



359
kr. pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.



159
kr. pk.

Bónus Pylsubrauð
260 g, 5 stk.



Pylsa
+
brauð
68
kr/stk.

GOTT VERÐ Í BÓNUS



159
kr. 4 stk.

Bónus Hamborgarabrauð
Með eða án sesamfræja



198
kr. 300 ml

Bónus Hamborgarasósa
300 ml



100% SAFI
59
kr. 250 ml

Floridana Heilsusafi
250 ml



95
kr. 200 g

ES Steiktur Laukur
200 g



**LÁGT VERÐ
ALLA DAGA**

198
kr. stk.

Íslenski Fáninn
50x70 cm

98
kr. stk.

Íslenski Fáninn
30x46 cm



198
kr. stk.

Brjóstsykur Snuð
70 g, margar teg.

17. JÚNI
OPIÐ Í ÖLLUM
VERSLUNUM
11-18



98
kr. 20 g

Candyfloss
20 g



59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.



98
kr. 500 ml

Egils Appelsín
500 ml



198
kr. 1,5 l

Coca Cola
1,5 l

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 19. júní eða meðan birgðir endast





Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
 Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
 Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
 Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
 Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
 Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
 Prentvinnsla: Litróf ehf.
 Upplag: 2.200 eintök
 Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
 Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
 Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á mótí auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.



Spurning vikunnar

Selkjöt er herramannsmatur, eða hvað? Hvernig vilt þú helst elda salkjöt?

Alls svöruðu 342.

Marinera og grilla, sögðu 58 eða 17%

Djúpsteikja, sögðu 10 eða 3%

Súrsa (hreifar og spik), sögðu 22 eða 6%

Sjóða og hafa uppstúf og jarðepli, sögðu 62 eða 18%

Hef aldrei smakkað selkjöt, sögðu 89 eða 26%

Finnst selkjöt vont, sögðu 51 eða 15%

Það á hvorki að skjóta né borða sel, sögðu 50 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Lúr festival



Dagskrá

21. júní þriðjudagur

10:00 Smiðjur hefjast, mæting í Edinborgarhúsið.
 12:00-13:00 Sameiginlegur hádegismatur fyrir þátttakendur í smiðjum.
 16:00 Fyrsta smiðjudegi lokið.
 16:30 Jóga Ísafjörður @Sindragata 7 efri hæð gengið inn frá smábátahöfn.
 Verð á stökum tíma er 1.500,- LÚR tilboð fyrir tvo tíma kr. 2000.

22. júní miðvikudagur

10:00 Smiðjur halda áfram, mæting samkvæmt skilaboðum frá kennara.
 12:00-13:00 Sameiginlegur hádegismatur fyrir þátttakendur í smiðjum.
 16:00 Smiðjudegi lokið.

23. júní fimmtudagur

10:00 Smiðjur halda áfram, mæting samkvæmt skilaboðum frá kennara.
 12:00-13:00 Sameiginlegur hádegismatur fyrir þátttakendur í smiðjum.
 16:00 Smiðjudegi lokið.
 16:30 Jóga Ísafjörður, @staðsetning Sindragata 7 efri hæð, gengið inn frá smábátahöfn.
 Verð á stökum tíma er 1.500,- LÚR tilboð fyrir tvo tíma kr. 2000.
 17:00 Setning hátíðarinnar @Silfurtorg, Blásið í Lúrin, Sindri Freyr Sveinbjörnsson úr Ísland Got Talent flytur 2-3 lög.
 18:00-20:00 Smá danssmiðja, allir velkomnir og frítt inn! Staðsetning auglýst síðar.
 Kennari: Henna-Riikka Nurmi (Smiðjan mun halda áfram á laugardeginum, þó einnig í boði að mæta bara annan daginn).

24. júní föstudagur

10:00 Smiðjur halda áfram, mæting samkvæmt skilaboðum frá kennara.
 12:00-13:00 Sameiginlegur hádegismatur fyrir þátttakendur í smiðjum.
 16:00 Síðasta smiðjudegi lokið.
 16:30 Opnun á listsýningu Andreu Velgerðar Jónsdóttur og Þórðar Ingólfs Úlfs Júlíussonar Thomsen. @Bókasafnið.
 18:00 Opnun á vegglistaverki úr smiðju. Kennari í smiðju: Gunnlaugur Ingivaldur Grétarsson (Gulli). Staðsetning auglýst síðar.
 18:00 Listasýning á verkum Ernu Mistar. Erna Mist, teiknari, penni og olímálari. @Rögnvaldarsalur í Edinborgarhúsinu.
 20:00 Túrverk. Sýning á útsaumsferiu eftir Sunnevu Elfarsdóttur.
 Hún er 25 ára brottfluttur Ísafirðingur og upprennandi listamaður. @Nýja skóbúðin.

25. júní laugardagur

11:00-13:00 Smá danssmiðja, allir velkomnir, frítt inn! Kennari: Henna-Riikka Nurmi. Staðsetning auglýst síðar.
 13:00-16:00 Flóamarkaður á torginu @Silfurtorg. Allir velkomnir. Skráning á lurfestival@gmail.com.
 14:00 Opnun á smiðju, Cities of the mind. Kennari: James Abell @Edinborg.
 15:00 Flutningur á raftónlistarsmiðju. Kennari: Andri Pétur. Staðsetning auglýst síðar.
 17:00 Lokahóf @Silfurtorg, tónlist, andlitsmálning og almenn skemmtun! Allir velkomnir, frítt inn!

26. júní sunnudagur

14:00 Bingó @Rögnvaldarsalur í Edinborg.

F.h. skipulagsnefndar LÚR-festival Hólfríður María Bjarnardóttir.

Lúr festival er styrkt af uppbyggingarsjóði Vestfjarða, Ísafjarðarbæ og ýmsum fyrirtækjum í bænum.



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Húsasmiðjan fagnar
60 ára afmæli



Skoðaðu
öll tilboðin í
Húsasmiðjublaðinu

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

STJÚPU SPRENGJA

Stjúpur 10 stk. í bakka.

799 kr

~~1.790~~ kr



blómaval

13.995 kr

Rafmagnssláttuvél
LME1100
5085113

3 ltr

JOTUN
Treolje
Tráolja/Træolie

Mest seld
pallaolían
í Húsa-
smiðjunni

Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Glær, gullbrún,
græn og einnig hægt að blanda aðra lit. 7049123-27

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

1.995 kr

~~2.385~~ kr

32%
afsláttur

FSC

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

9.900 kr

~~14.590~~ kr

Garðstóll
Chamonix
3899590

21%
afsláttur

Nilfisk

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

12.995 kr

~~16.595~~ kr

Hábrýstidæla C105.6-5
105 bór, 440 l/klst., sjáfvirk ræsing/stöðvun,
5 m slanga.
5254249

Broil King



EM áskrift
og bolti fylgir
Broil King
grillum og
Author hjólum



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

990 kr

1.690 kr

Fótbolti
Stærðir 4 og 5.
3901121/3



EM áskrift og bolti fylgir Broil King grillum og Author hjólum

Ef þú kaupir **BROIL KING** gasgrill eða **AUTHOR** reiðhjól í Húsasmiðjunni færð þú **EM áskrift**, að verðmæti 6.900 kr, hjá Símanum og getur horft á alla leikina á EM heima í stofu. Að auki færðu **EM bolta Húsasmiðjunnar** sem kaupauka.



Byggjum á betra verði

www.husa.is



Bubbi Sölva með fleiri líf en kötturinn

Guðbjörn Páll Sölvason er með fleiri líf en kötturinn líkt og sannast í þessu viðtali. Við Bubbi þekkjumst vel, hann er móðurbróðir minn og um sjómannadagshelgina hitti ég hann í Sölvahúsi, húsi ömmu minnar og afa á Flateyri – Sölva Ásgeirssonar og Fanneyjar Annasdóttur, foreldra Bubba, þar sem hann ólst upp að stærstum hluta.

Lilja eldri systir Bubba var líka með okkur ásamt fleiri fjölskyldumeðlimum og hlustum við yngri á þau rifja upp gamla tíma og hugsa ég með mér hversu vel við hæfi það væri að taka viðtal fyrir blaðið við hann frænda minn, sem sannarlega hefur lífað sitt hvað á sínum rúmu sjötíu æviárum. Svo það varð úr að við mæltum okkur mót á heimili mínu að kvöldi sjómannadags.

Bubbi ólst upp á Flateyri ásamt systkinum sínum Ásgeiri, Torfa, Bergi, Ingibjörgu, Lilju og Sjöfn. Tveimur árum áður en Bubbi fæddist lést Guðbjörg eldri systir hans úr krabbameini. Hafið, sem gefur og tekur og segja má að hafi verið rauði þráðurinn í lífi Bubba, tók tvo af bræðrum hans. Berg sem tók útbyrðis af Sæbirni ÍS, árd 1958 og Torfa sem lést er sanddæluskipið Sandey hvolfdi í Reykjavíkurbærinn árið 1982. Sjöfn, litla systir hans féll fyrir eigin hendi árið 2006.

Búið er að höggva djúp skörð í systkinahópinn, þó er svo merkilegt að sjá hvernig þau sem eftir

lifa halda áfram veginn og sýna okkur sem töltum á eftir hvernig hægt er að halda áfram með lífið keikur, þrátt fyrir sorg og missi.

Bubbi byrjar fullorðinslífið á Flateyri þar sem hann stofnar heimili með fyrrum eiginkonu sinni Áslaugu Ármannsdóttur og eignast þau saman þrjú börn: Sigrúnu Lilju, Berg Magnús og Gunnhildi. Fjölskyldan bjó saman á Flateyri allt þar til Bubbi og Áslaug skildu að skiptum árið 1988 og fluttist Bubbi þá suður á bóginn. Hann hefur stærstan hluta starfsævi sinnar verið sjómaður og fetað þar kirfilega í djúp fótspor forfedra og bræðra sinna.

Sjómannadagur til endurminninga

Við setjumst niður fjölskyldan í betri stofunni á Hlíðarveginum. Viðtalið er tekið í vitna viðurvist, enda fátt betra en að skapa samverustundir sem þessar. Hver sem tilgangurinn kann að vera – enda þær jafnan góðar og geta verið tilgangurinn í sjálfum sér.

En hvaða tilfinningar skyldu bærast í brjósti Bubba á sjálfan sjómannadaginn? Hann segir daginn mikinn gleðidag og hann hafi í uppveitinum verið mesti hátíðardagur ársins í Sölvahúsi. Því mikla sjómannaheimili og finnst Bubba verulega skemmtilegt að fylgjast með því sem upp á er bryddað í hátíðarhöldunum. En einnig leita á dekkri minn-

ingar, líkt og gefur að skilja eftir langa viðureign við Ægi.

„Sjómannadagurinn hefur verið bæði gleði- og endurminningadagur hjá mér. Ég á marga vini mína á hafsbotni og aðra sem hafa farið í hafið en skilað sér og verður mér hugsað til þeirra.“ Bubbi segir frá því er á einum sólarhring í október árið 1964, þegar tveir bátar; Mumminn og Sæfell, sem báðir voru gerðir út frá Flateyri fórust, sem hafði mikil áhrif á hann.

„Þetta var erfíð stund fyrir okkur Hjalla vin minn sem vorum nýfluttir til Reykjavíkur til að stunda nám við stýrimannaskólann. Bara 19 ára gamlir, að missa féлага okkar heima og hafa í raun engan stað til að leita huggunar.“ Við förum út um víðan völl í spjallinu og barst umræðan, eftir að hafa rætt þennan örlagaríka sólarhring í október, í framhaldinu að öryggismálum sjómanna.

„Það var svo sjaldgæft ef bátar fórust að einhverjir kæmst af til frásagnar um hvað raunverulega gerðist. En þannig var það þegar að Mumminn fórst, þá komust af tveir menn, sem gátu gefið mjög greinagóða lýsingu á því hvernig var að eiga við björgunarbátana undir slíkum kringumstæðum. Eftir skýrslu þeirra var ýmsu breytt við bátana.“ Nú hefur sjóslýsum fækkað gífurlega á síðustu áratugum, hverja telur þú helstu skýringuna á því?

„Ég þakka það tilkomu Slysavarnarskóla sjómanna. Þrátt fyrir það gríðarlega góða starf sem þeir vinna held ég að það megi samt vera meira um æfingar um borð í bátum og skipum, sem og að kynna mönnum um borð verklagsreglur ef hættu ber að höndum. Ekki það að þær séu ekki til, sérstaklega í stærri skipum það er bara að menn viti hvernig eigi að framfylgja þeim. Þetta er betra á togurunum en því miður held ég að þetta sé í skötulíki hjá okkur ennþá.“

Söðlað um á fullorðins aldri

Bubbi er hvergi nærri sestur í helgan stein þrátt fyrir að hafa fagnað sjötugsafmæli á síðasta ári. Hann vinnur enn eins og sleggja þrátt fyrir að starfsvettvangurinn hafi breyst og kennir nú smáskipanám við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Þar sem hann kennir 12 metra skipstjórnarréttindánám, sem og 24 og 45 metra námið að hluta til. Hann er prófdómari og má taka fólk í gegnum verkleg próf í 24 metra náminu og kennir hann bæði grunn- og menntaskólanemum skipstjórnarfræðin, jafnt sem eldri nemendum og einnig uppfræðir hann sjóstangveiðimenn sem hingað koma um helstu reglur sem þeim ber að fylgja.

Stundum hefur verið í umræðunni að undarlegt megi virðast að menn geti komið hingað í sjóstangveiði, sem þekkjast hvorki

haus né sporð á svæðinu og jafnvel lítið sem ekkert siglt bátum.

„Þeir sem hingað koma og eru ekki með einhver skipstjórnarpróf þurfa allir að fara í gegnum krossapróf sem ég held utan um fyrir Fræðslumiðstöðina. Ég reyni líka að kenna þeim sem lítið kunna.“

En hvað með þá sem kunna ekki að sigla?

„Leigurnar sjá um að kenna þeim það og þar fer fram mjög góð kennsla. Ég held að þar sé mjög vel haldið á spöðunum. Þessi mál hafa lagast mjög mikið, en þetta var alveg afleitt þegar þetta var að byrja og fyrstu tvö sumrin ansi slæm. Menn voru kannski að róa út frá Súgandafirði og komu í land í Hnífsdal. Neyðarbylgja 16 var jafnvel upptekin alveg frá klukkan 6 á morgnanna og fram undir hádegisdag, þar sem var verið að reyna að liðsinna sjóstangveiðimönnum og lóðsa þá um svæðið.“ Það var árið 2011 sem Fræðslumiðstöðinni var fengið það verkefni að finna lausn á fræðslumálum sjóstangveiðimanna. Bubbi var ráðinn til starfa og hefur hann unnið ófá verkin til að bæta úr þessum málum, meðal annars að búa til vefsíðu með kennslufni.

Það má þá segja að þú sért að kynnast sjómennskunni út frá alveg nýrri hlið á fullorðins aldri.

„Já, ég segi gjarnan að ég sé einn af þeim heppnu. Ég kem í land slasaður maður og boðin

vinna við áhugamál mitt.” Bubbi hafði ekkert fengist við kennslu fram til þessa en finnst alveg frábært að kenna og sérlega skemmtilegt að kenna yngri kynslóðinni, sem hann segir að sé ekki síður að kenna honum og þau haldi honum ungum í anda.

„Ég held að ég reyndar búi að náminu sem ég fór í til Englands þar sem ég var með fólk sem var allt mun yngra en ég” rifjar Bubbi upp, en árið 2001 fór hann til Englands í enskuskóla, þar sem hann hafði í hyggju að gerast kristniboði í Afríku. Hann reyndar dregur aðeins í land með kristniboðatitilinn þegar við ræðum þetta áfram en hann segist aðallega hafa viljað fara og kenna fólk sjómennsku.

Mikil kátína greip um sig í stofunni á Hlíðarveginum þegar Bubbi segir af því er Paul var við enskunám, en hann segir að illa hafi gengið að fá samnemendur sína til að segja Guðbjörn og Bubbi hljómi alls ekki eins vel upp á enska tungu og íslenska, því hafi hann gripið til seinna nafnsins Páll, og notast við ensku útgáfuna af því. Kristniboðastarfið lá þó ekki fyrir Bubba á þessum tímamarki, en ekki svo löngu seinna fór þó Paul í ferð til Suður-Afríku.

Þrjú mánuðir í Höfðaborg

„Ég vaknaði upp við símann klukkan fimm að morgni og þá var það Bergur sonur minn að hringja og spyrja hvernig mér litist á að koma sem skipstjóri til Cape town og sigla skipi sem þar var stutt heim til Íslands. Ég hélt að hann væri að verða vitlaus og hann sagðist hringja í mig aftur seinna, sem hann gerði.

Ég var ekki viss hvort ég gæti gert þetta þar sem ég var kominn í vinnu í landi sem vaktstjóri á Keflavíkurflugvelli og ég nefndi þetta við stöðvarstjórnann sem hélt það væri nú í lagi að ég fengi frí til að taka þátt í svona ævintýri.

Þegar að kallið kom þá átti ég bara að fara út vikuna á eftir og þá kom í ljós að ég var með útrunnið skipstjórnarskráirni. Eftir talsverða þrjú mánuðir á milli Heródesar og Pflatesar þá hafðist það að redda skírteininu og út hélt Bubbi, þar sem Asanda beið hans, frystiskip sem var í eigu Siglufirðings, ásamt Bergi og restinni af áhöfninni. Ráðgert var að sigla skipinu heim viku síðar, en á endanum dvaldi Bubbi í þrjú mánuðir í Höfðaborg á meðan að skipið var gert ferðaklár.


„Í Suður-Afríku er það þannig að ef þeir segja „kannski á morgun” þá er það allavega eftir 10 daga og ef þeir segja „kannski í næstu viku” þá er það eftir minnst mánuð. Tíminn líður hægar þar en hér. Mér finnst voðalega gaman að kynna einhverju nýju og þar sem ég átti að stoppa svona stutt þá var strax drifid í því að sýna mér sem mest.

Ég fór til dæmis að skoða Robbin Island með einum af samföngum Nelsons Mandela og fannst alveg ævintýralegt að kynna viðhorfi Mandela. Ég var búinn að lesa ævisögu hans áður en ég fór og það var alveg hryllilegt að sjá aðbúnaðinn sem hann bjó við í fangelsinu, þessi góði maður.”

Ævintýri Bubba í Suður-Afríku voru mörg og meðal annars eignaðist hann þar góða vinkonu, sem var kærasta hans um tíma og er vinkona hans enn í dag. Hún heitir Lynn og er lituð, en líkt og flestir vita þá hafa svartir og litadír háð mikla baráttu þar í landi til að hafa réttindi til jafns á við hvíta manninn. Bubbi sagðist hafa verið afar hissa er hann heyrði í henni eitt skiptið eftir að hann kom heim aftur:

„Lynn hringdi og sagði að merkisdagur hefði verið í lífi hennar, hún sagði: „Paul, veistu hvað? Ég er 37 ára og ég var að koma frá því að kjósa í fyrsta sinn í lífinu.” Ég hugsaði með mér, *Bubbi, þú ert fæddur með þennan rétt og þú hugsar aldrei út í að þú hafir hann.*“

Heimsiglingin



Að þremur góðum mánuðum liðnum var mál að linni og kominn tími til að halda til lands ísa í norðri. Bubbi hafði í raun aldrei stjórnað svo stóru skipi sem Asanda var, en hún var 1000 tonn og sýndi hann strax fádæma takta í höfninni er hann færði hana á milli bryggja, sem yfirleitt var aldrei gert nema með aðstoð dráttarbáta. Verkið gekk svo ljómandi vel að manngærd kom að til að fylgjast með og var að því loknu klappað fyrir skipstjórnann á bryggjunni.

Áhöfnin var regnbogaáhöfn að sögn Bubba, þeir feðgarnir Íslendingar, svo voru þar Búar, hvítur Suður-Afríkubúi, Skoti, litadur maður og svartur Súluámaður, sem var afkomandi eins af samverkamönnum Nelson

Mandela.

„Í fyrsta legg ferðarinnar var siglt til Namibíu, þar sem meðal annars var siglt framhjá demantadæluskipum og máttum við ekki koma nær þeim en 8-9 mílur. Litli Haig, einn af áhafnarmedlimunum, hafði eitt sinn unnið á slíku skipi sem hann sagði að mikill hryllingur viðgengist á, því stöðugt var verið að passa upp á að áhöfnin væri ekki að smygla út demöntum, hvorki á sér eða inni í sér.”

Eftir nokkurra daga stöpp í Namibíu var ferðinni haldið áfram og var siglt í töluverðri fjarlægð frá landi vegna hættu á sjóránnum. Þegar skipið var stutt út af Senegal, brotnaði grínni á því, sem gerði það að verkum að skipið rak stjórnlaust í þrjú sólarhringa þar til hjálp loksins barst frá Kanaríeyjum.

Eitt af því sem gert var á leiðinni var að stoppa við miðbaug og synda yfir hann. „Jahhh, maður spáði kannski ekki mikið í að dýptin var um 1200 fæðmar, en það er allavega óhætt að segja að við hefðum ekki botnað.“ Segir Bubbi og hlær að minningunni.

Asanda með manni og mús var



hann í slysi á Sífinni sem hann var með á þeim tíma. Hann var að sigla skipinu heim úr slipp á Siglufirði í vonsku veðri út af Kögri, er það fékk á sig brot með þeim afleiðingum að Bubbi kastaðist veggja á milli í stýris húsinu með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði og herðablaðið brotnaði afar illa. Sagan hljómar virkilega illa og ég get ekki annað en spurt hann í miðri sögu hvort hann hafi nokkuð verið vinnufær eftir brotið.

„Auðvitað var ég ekki vinnufær” hvár Bubbi, „en hvað átti ég annað að gera en að sigla bátinum, ég bara hallaði mér upp að stýrinu. Síðan sáum við allt í einu ljós og ég held að það geti enginn skilið nema sá sem hefur upplifað það, hvernig það er að sjá ljós þegar maður er í skipsnaði. Eftir að fyrstu bátar komu á staðinn voru einhverjir búnir að reyna að taka okkur í tog og á endanum var það varðskipið sem tók okkur til hafnar á Ísafirði.

Inga systir tók á móti mér á bryggjunni og ég tók eftir því að hún var í miklu uppnámi og spurði hana hvað væri að? Og þá sagði hún: Æ það hefði nú kannski verið fullmikið að það væru tvö dauðsföll í sömu vikunni.“

Bubbi var fluttur suður með sjúkraflugi til lækninga og varð hann af jarðaför móður sinnar. Sjúkrasagan er bæði gamall vitnisburður og nýr um stöðu heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Á meðan hann dvaldi á sjúkrahúsinu á Ísafirði mátti hann gera sér klósettið að góðu til legunnar þar sem allar sjúkraflokkar voru fullsetnar. Þegar kom að því að flytja ætti hann suður átti hann fyrst að fara í almennu farþegaflugi, en svo sáu lækarnir að sér og var Bubbi sendur í sjúkraflugi með flugfélaginu Erni sem annaðist það á þessum tíma. Þegar suður var komið var enginn að taka á móti honum á velli og skrönglaðist hann í næsta leigubíl sem flutti hann á Borgarspítalann. Manneskjan sem tók á móti honum þar, þar sem hann birtist með uppáskrifadar hinar og þessar myndatökurnar sagði að hann skyldi nú biðja fyrir því að hann yrði lagður inn, því annars færi hann á hausinn við að borga myndatökuna úr eigin vasa. Það

má því segja að það hafi verið honum til happs að vera lagður inn í kjölfar skoðunar.

Bubbi kom aftur heim til Flateyrar og fór að vinna í landi í nokkra mánuði á meðan hann gréri sára sinna, en strax um sumarið var hann aftur kominn á sjóinn.

Hrakfarir Bubba voru ekki allar þarna. Haustið 1993 er Bubbi kominn á rækjubát í Keflavík. Eitt sinn er verið var að landa úr fullri lest og að hífa snýst eitt kárið með þeim afleiðingum að það slengist í Bubba og brytur handlegginn á honum. Við tók langt og strangt heilunarferli þar sem handleggurinn neitaði að gróa og eftir þrjú aðgerðir var úrræðið það að koma fyrir í honum titanplötu. Hann var í gífsi í átta mánuði og meðan á því stóð réði hann sig sem vaktmann á Keflavíkurvelli þar sem hann var um árabíl, áður en lögurinn sem lokkar, laðaði hann til sín að nýju.

Bubbi flytur aftur heim til Vestfjarða árið 2003 eftir um 15 ár sunnan heiða, þar sem hann ræður sig til sjós. Fljótlega eftir að hann byrjar á sjónum, kenndi hann sér mikillar slæmsku í fæti og var hann orðinn mikið veikur á landleið úr einum túrnum.

„Þegar í land var komið fór ég beint til lækni sem sagði að ég væri ekkert að fara neitt, ég ætti bara að leggjast strax inn á sjúkrahúsið. Ég heyrði að lækarnir töluðu sín á milli að það væri eins gott að ég hefði ekki komið seinna því þá hefði ég getað misst fótinn. Ég var með afar slæma heimakomu, sem er ígerð í hné og ég sver það að ég hefði getað spælt egg á hnénu á mér. Stuttu seinna kem ég aftur á sjúkrahúsið, þá búinn að rífa vöðva og þá segir lækurinn við mig „Heyrðu heldurðu að þú ættir nú ekki bara að fara að hætta til sjós?”

Árið 2008 þá var Bubbi stýrimaður á Gunnbirni ÍS. Þeir voru að hífa upp trollið á öðrum vírnum, þar sem trollspilið hafði bilað. Bakborðshlerinn er að koma inn og Bubbi sér að það er að koma bára og hann stekkur frá en náði ekki að forða sér í tæka tíð. Slinkur kom á hlerann með þeim afleiðingum að vírinn slitnaði og slóst í hann. Það næsta

sem Bubbi man er hann liggjandi á dekkinu með brotið nef og brotinn handlegg, nú þann vinstri.

„Vírarnir slitnuðu að slógust í mig, skipsfélagarnir sem urðu vitni að þessu héldu að ég væri dauður, en svo var nú ekki en handleggurinn var alveg þverbrotinn. Þessu fylgdu svo fjórar aðgerðir í kjölfarið – en ég hætti á sjónum eftir þetta. Svo það má kannski segja að Ísland og ég hafi bæði hrunið það árið.“

Meðan að Bubbi var að jafna sig ákvað hann að fara í allsherjarlæknisskóðun sem var heillavæðing ákvörðun því hann var í beinu framhaldi sendur til Reykjavíkur þar sem hann undirgekkst hjartauppskurð og sögðu lækarnir hann heppinn, nokkrir mánuðir til í þessu ástandi hefðu að öllum líkindum leitt til hjartaáfalls.

Ekki svo löngu seinna fékk hann svo blóðtappa í höfuðið, sem var afleiðing af hjartaaðgerðinni, sem fór án vandkvæða eftir stutta dvöl á sjúkrahúsi. Eftir það hefur Bubbi verið sprækur og heill heilsu. Utanaðkomandi hrakfarir hafa þó ekki látið Bubba alveg ósnortinn, en hann missti húsið sitt og allar sínar eigur í bruna í Höfnunum er hann bjó þar.

„Finnur vinur minn hefur oft sagt við mig að ég væri eins og kötturinn – með fleiri líf og

Fræðslumiðstöðinni síðan. Ég er elsti maðurinn sem hefur farið í gegnum starfsendurhæfingu hér og fékk líka þessa fínu vinnu í kjölfarið, sem ég hlakka til að fara í á hverjum morgni og það er reyndar þannig að oftar en ekki vantar hjá mér nokkra klukkutíma í sólarhringinn til að geta klárað allt sem ég vil klára.“

Svo að það breytist aldrei?
„Nei nei. En það er samt allt annað að sökkva sér í vinnu sem maður hefur gaman að heldur en að gera eitthvað sem manni finnst kannski ekkert svo skemmtilegt.“

En hvað með sjómenskuna, valdir þú sjálfur að gera hana að ævistarfi þínu?

„Svona bæði og. Í þessari fjölskyldu var það þannig að karlmennirnir urðu sjómenn og ég man ekki til þess að ég hafi ætlað mér neitt annað, nema þegar ég var pínulítill og framtíðardraumarnir voru að syngja í útvarpi og reykja sigarettur.“

Hvað með alla þá möguleika sem eru opnir í dag, heldurðu að sjómenskuna hefði orðið fyrir valinu?

„Með alla þá reynslu sem ég hef öðlast í gegnum lífið myndi ég ekki velja það, en komandi úr sama fjölskyldumynstri, þá hefði ég sennilega valið að vera skipstjóri eða vélstjóri.“

Ætlaðu að halda áfram að



með gönguklúbba ferðafélagsins eða einn síns liðs. Þá er ótalið sundið sem skipar einna stærsta sessinn í hreyfiáhuga Bubba sem samkvæmt kennitölu ætti að hafa mun hægar um sig en rúmlega fertug frænka hans sem tekur viðtalið og gapir stundum af undrun yfir hreyfiæðinu sem runnið hefur á manninn. Til dæmis á dögunum er hún hitti hann í Sundlaug Bolungarvíkur, þar sem hann var búinn að synda nokkrar ferðir eftir að hafa

hafa það enn sem áhugamál.“

Sárasta reynslan

Margt hefur drifið á daga Bubba. En sárasta lífsreynslan var að missa son sinn, Berg, einungis 37 ára að aldri árið 2006.

„Hann var með hjartagalla sem varð þess valdandi að hann fékk hjartaáfall. Það var það slæmt að þeir sögðu að þó það hefði ekki verið hægt að bjarga honum því hann var með ónýtar fínu kransæðarnar. Hann var í afar fínu formi, til dæmis mátti hann ekki sjá fjall útundan sér þá var hann hlaupinn upp á það og hann stundaði sjósund.“

Hann var mikill sjómanna-dagsmaður og ég fann svo vel fyrir nærveru hans þegar ég fylgdist með hátíðarhöldunum. Hann var vanur að taka þátt í þessu öllu. Auðvitað sé ég eftir honum og sakna hans rosalega mikið, því hann var miklu meira en sonur minn – hann var líka svo góður vinur minn.

Afstaða mín er samt sú að mér finnst það sorglegra að hann, svona hamingjusamlega giftur konu sem honum þótti ógurlega vænt um, sem átti börn sem hann bar mikla umhyggju fyrir skuli

hafa verið hrifsaður á brott. Mér finnst meiri sorg í því að hann hafi misst af lífi sínu en að ég hafi misst hann, þó að það hafi sannarlega verið mikið áfall.

Ég varð ekki reiður. Ég er trúður maður svo að ég bað mikið, en ég bað ekki um að sorgin væri tekin frá mér ég vissi að svoleiðis myndi það ekki virka. Ég bað hinsvegar mikið fyrir því að ég mætti komast í gegnum hana. Ég vissi að ef ég myndi afneita henni þá yrði mér aldrei neitt ágengt og sama væri uppi á teningnum ef ég myndi ætla að dýrka hana.“

Og Bubbi heldur áfram veginn, hvort sem það er gangandi, hjólandi syndandi eða siglandi og er hann spenntur að takast á við þau verkefni sem lífið felur í sér. Hann segist vera heppinn að lifa á tímum þar sem má segja að búíð sé að endurskilgreina hvaða merkingu það hefur að vera sjötugur. Bubbi er æðrulaus maður, það dylst engum sem hann þekkir. Hann segist þrátt fyrir allt og allt finnast hann vera lukkunnar pampill og hann líti björtum augum á lífið, sem hann segir hann það sína gæfu að hafa ekki orðið beiskur af því.

annska@bb.is



hvornig sem allt færi, þá væri ekki nokkur vafi á því að ég kæmi standandi niður.“

Breytt um stefnu

Þegar Bubbi hafði gróíð sára sinna fór hann til Starfsendurhæfingar Vestfjarða sem hann meðal annars í gegnum settist á skólabeck og nam bóklegar greinar. Þegar á því stóð árið 2011 kom Smári Haraldsson hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða að máli við hann og vildi fá hann í verkefni hjá sér við að þjálfun sjóstangveiðimanna.

„Ég hóf störf 1. apríl 2011, þá 66 ára gamall og hef verið hjá

vinna?

„Já ég verð allavega næsta vetur og vonandi næstu tvo. Ég hugsa stundum með mér hvort ég sé í einhverri afneitun á hversu gamall ég er, en mér finnst ég bara ekki með nokkru móti vera orðinn sjötugur. Það má vel vera að ég sé í einhverri afneitun, en mér finnst ég bara svo helvíti hress.“

Köflóttur útivistarmaður

Bubbi sést varla öðrúvísi á ferðinni um götur Ísafjarðar en glóandi neon-gulur á hjólfáknunum sínum. Það er á milli þess sem hann arkar um víðan völl

hjólað út í Vík frá Ísafirði og var hann fyrir um daginn búinn að spretta úr gönguskíðaspori á Seljalandsdal. En skyldi hann alltaf hafa verið svona mikill útivistargarpur?

„Nei, ætli það megi ekki segja að ég hafi verið köflóttur í gegnum tíðina. En í dag lifi ég samkvæmt mottóinu að bæta lífi við árin en ekki árum við lífið. Maður þarf alltaf að vera að taka afstöðu í lífinu og velja hvornig maður vill háttu því og ég held til dæmis að ein mín helsta gæfa í lífinu hafi verið að ákveða að hætta að drekka brennivín fyrir 29 árum síðan og ekki síður að



AGA GAS ALLS STAÐAR



Ísafjörður: Vélsmiðja Þrastar Marzellússonar ehf, s. 456 3349.
Bjarkalundur: Hótel Bjarkalundur, s. 695 2091.

**ÞÚ GETUR SLAKAÐ Á OG
UPPLIFAÐ ÖRYGGI VIÐ
GRILLIÐ MEÐ AGA GAS**

ÍSAGA ehf • WWW.GAS.IS
Breiðhófa 11 • 110 Reykjavík • Sími 577 3000

Lausn á síðustu krossgátu




	LOGA	FJÖRGAST	SKRIDDYR	ÚTDEILDI	ESPAST	SIGTAST
FUGL	B	L	E	S	G	Æ
HÖPUR	L	I	Ð	SAMTÖK HLJÓDFERI	A	S
OFMETA	O	F	L	O	F	A
FRÁNN	S	N	A	R	VÖRU- MERKI TALA	S
	↓	PIRRA	Í RÖÐ	ÁTT SKIL	ÞETT FÁNI	G
DANS	S	A	M	B	A	SKREF FLÝTIR
SPYR	I	N	N	I	ÆTÍÐ GAS	A
TVEIR EINS	G	G	L	E	S	A
ISKUR	U	R	G	ÆTTOFGI RÉTT	T	I
PUSA	R	A	U	S	A	ÚTDEILIR KOMST
	V	KARL SETT	M	A	N	N
FYRST FRÉDD	E	L	S	T	MJÓLKUR- VARA ÁN	Á
ADGÆTA	G	Á	NÖLÐRA ÁI	T	U	Ð
MAKA	A	T	A	MÁLHÚDA ÖNEFNDUR	T	I
BRESTA	R	I	F	N	A	LYKTAR
ÖTULL	I	Ð	I	N	N	STERKA

Sudoku þrautir

	2		5				8
				3	4		
				1			
4	3						9
1	9	5		6	3		
			9				6
9	5					4	2
	6		8				5
	4	7				1	

3			7	6			9
8	7	1					2
	6		8		3		1
	8					3	
4		7	1	3			
1			5	9			4
	1		6	4		5	3
9		4					
2		6					



Til sölu

Nýr Hobby Premium 70 húsbíll, 150 hestafla diesel, 6 gíra. Hraðastillir, loftkæling, leiðsögukerfi, bakkmyndavél, útvarp/geislaspilari.

Litur: Svartur metallick/hvítur. Heildarlengd 7,44 metrar. 2 Hjónarúm, eitt uppi í lofti sett niður með rafmagni. Rafm. trappa, stór ísskápur, sér sturta, sér klósett, markísa, sólarsella. Grand bíll með öllu. Verð 14,5 millj. með VSK. Upplýsingar gefur Bóas í síma 777 5007 boas@b1.is



UMFÉI 50+

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

OG

JARÐAR



Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Þjónustu- auglýsingar



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður




HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



NÝJAR VÖRUR

SKEMMTILEGRI

– PAKKAR –



LEGO



FÓTBOLTAMYNDIR



PLAYMO



SUMARVÖRUR

Við höfum aukið leikfangaúrvalið á pósthúsinu svo nú er það stútfullt af skemmtilegheitum. Þú finnur pakkann hjá okkur.

Pósthúsið Hafnarstræti 9-11, Ísafirði.
Opíð virka daga kl. 9-16.30



PÓSTURINN